

og eru það merki Skálholts og Hamra. Verður að telja, að niðurstaða þessi rúmist innan kröfugerðar sóknaraðilja. Hjarðarneshólmi er Hamramegin þessarar línu og er því eign sóknaraðilja. Með hliðsjón af deiluefninu og málflutningi aðilja er ekki þörf á að ákveða landamerki að öðru leyti.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma varnaraðilja til að greiða sóknaraðiljum kr. 1.400.000 í málskostnað.

Allan V. Magnússon, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan ásat meðdómsmönnum Friðgeiri Björnssyni, settum borgardómara, og Stefáni Má Stefánssyni prófessor.

Dómsorð:

Landamerki jarðanna Skálholts og Hamra skulu á þrætsvæðinu ákveðin frá punktinum C — D á uppdrætti Ragnars Árnasonar verkfræðings á dómskjali nr. 76.

Hjarðarneshólmi er eign sóknaraðilja.

Varnaraðiljar greiði sóknaraðiljum kr. 1.400.000 í málskostnað.

Fimmtudaginn 21. október 1982.

Nr. 199/1982. Björn Pálsson

gegn

fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra
f. h. ríkissjóðs.

Kærumál. Skaðabótakrafa vegna dómaraverka.

Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Kærumál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 með kæru 29. september 1982, er barst Hæstarétti 7. október 1982. Krefst hann þess, að hinn kærði

dómur verði úr gildi felldur og sér verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða frávísunardóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja 2.000.00 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Björn Pálsson, greiði varnaraðilja, fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra f. h. ríkissjóðs, 2.000.00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. september 1982.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 20. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 4. júní 1982, af Birni Pálssyni bónda, Ytri-Löngumýri, Svínavatnshreppi, Austur-Húnavatnssýslu, nafnnúmer 1347—9488, gegn fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Í stefnunni segir, að málið sé höfðað „til greiðslu skaðabóta og greiðslu að fjárhæð kr. 67.721,00 með 36% ársvöxtum frá 01.01.82 til 12.06.82 af kr. 65.475,00 og dómvöxtum frá þeim tíma af þeirri fjárhæð til greiðsludags, en 4,5% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 2.246,00 frá 01.01.82 til greiðsludags.

Til vara er krafist annarrar lægri fjárhæðar með sömu vaxtakröfu.

Til þrautavara er krafist greiðslu kr. 2.246,00 með 4,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 01.01.82 til greiðsludags.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar.“

Lögmaður stefndu skilaði greinargerð, sem dagsett er 23. júní 1982. Þar er þess krafist, að stefndu verði *aðallega* sýknaðir af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað, en *til vara*, að kröfur stefnanda verði lækkaðar, en málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Í þinghaldi 13. september 1982 lækkaði lögmaður stefnanda

„aðalkröfu um þá fjárhæð, sem nemur þrautavarakröfu, í kr. 65.475.“

Í sama þinghaldi breytti lögmaður stefndu kröfum sínum á þann veg, að hann krafðist þess nú *aðallega*, að málinu verði vísað frá dómi og stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað. Til vara krafðist hann sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til þrautavara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar til mikilla muna og málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Í þinghaldi 21. þ. m. afhenti lögmaður stefndu lögmanni stefnanda greiðslu að fjárhæð kr. 812.00, sem lögmaður stefndu kvað vera höfuðstól þrautavarakröfu, kr. 472.00, að viðbættum almennum innlánsvöxtum frá 19. júní 1979 til 20. september 1982, kr. 340.00. Lögmaður stefnanda kvaðst taka við nefndri fjárhæð sem greiðslu upp í höfuðstól aðalkröfu og kvaðst þá jafnframt falla frá þrautavarakröfu, en hann áskildi stefnanda þó fullan málskostnað að því er varðar þrautavarakröfu.

Af hálfu stefnanda er frávísunarkröfu stefndu mótmælt sem rangri og of seint fram kominni.

Munnlegur málflutningur hefur farið fram um frávísunarkröfuna, og er það atriði nú hér til úrlausnar.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta.

I.

Laugardaginn 2. júní 1979 handsamaði Þorsteinn Gunnarsson, bóndi á Syðri-Löngumýri í Svínavatnshreppi í Austur-Húnavatns-sýslu, tvo stóðhesta, er stefnandi kveðst hafa átt. Hestarnir voru í merahópi í landi Svínavatns í sama hreppi, að því er Þorsteinn segir. Þorsteinn ætlaði að afhenda hreppstjóra hestana, en hreppstjóri taldi sig ekki geta tekið við þeim. Voru þeir þá afhentir tveim lögreglumönnum, sem komnir voru í Auðkúlurétt, þangað sem hestarnir höfðu verið fluttir. Fluttu þeir hestana til Blönduóss að höfðu samráði við sýslumann, Jón Ísberg. Hinn 14. júní 1979 voru báðir hestarnir seldir á uppboði, sem sýslumaður hélt á Blönduósi, en uppboðið var auglýst í Ríkisútlitarpinu. Maður að nafni Benedikt Jónsson bauð gkr. 80.000 í yngri hestinn, og var hesturinn sleginn honum á því verði. Þorfinnur Björnsson, sonur stefnanda, bauð gkr. 152.000 í eldri hestinn, og var hesturinn sleginn Þorfinni á því verði. Uppboðsandvirðið að viðbættum 3% var greitt á uppboðspinginu. Stefnandi var sjálfur mætt-

ur á uppboðsþinginu. Áður en gengið var til uppboðs, lagði stefnandi fram mótmælaskjal, þar sem hann mótmælti uppboðinu sem ólöglegu, og jafnframt kvaðst hann mundu áfrýja málinu til Hæstaréttar. Hinn 20. október 1981 var dómur kveðinn upp í Hæstarétti í uppboðsmálinu. Í niðurlagi dóms Hæstaréttar segir svo:

„Það er nægilega upplýst, að umræddir stóðhestar gengu lausir í heimahögum, er þeir voru handsamaðir. Skiptir þá ekki máli, hvort þeir voru í landi áfrýjanda eða annarra. Var þetta óheimilt, og bar því að handsama hestana og flytja þá til hreppstjóra samkv. 31. gr. laga nr. 31/1973. Hreppstjóri skoraðist undan að taka við þeim, og gat sýslumaður geymt hestana, þar sem hann ákvað. Uppboðið var nauðungaruppboð, þar sem það fór fram gegn mótmælum áfrýjanda, og verður að telja, að um framkvæmd þess gildi reglur laga nr. 57/1949, þótt sú tegund uppboðs, sem hér er um að ræða, sé ekki nefnd berum orðum í 1. gr. laganna. Í 2. gr. laganna segir, að sýslumenn haldi uppboð í sýslum, en í 3. gr. þeirra segir, að rétt sé, að hreppstjóri haldi uppboð á lausafé í vissum tilvikum. Enn fremur, að uppboðshaldari geti falið hreppstjóra að halda uppboð á sína ábyrgð að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Með hliðsjón af þessu verður að skilja 2. mgr. 31. gr. laga nr. 31/1973 svo, að hinum reglulega uppboðshaldara sé heimilt að halda þau uppboð, sem um er fjallað í greininni, enda er gert ráð fyrir því sem aðalreglu í III. kafla uppboðslaga, að sýslumaður haldi lausafjáruppboð. Verður ómerking uppboðsins því ekki á þessu byggð. Ekki verður heldur á það fallist, að ómerkingu varði, þótt uppboðið væri ekki auglýst með viku fyrirvara, enda verður 40. gr. uppboðslaganna ekki skilin svo, að slíkt hafi verið nauðsynlegt. Hins vegar var ekki lagt fram á uppboðsþinginu frumrit eða afrit auglýsingarinnar, og hún er ekki meðal gagna máls, svo að ekki verður nú séð, hvað í henni stóð. Þá kemur fram af bókun í uppboðsbók, að áfrýjandi lagði fram á uppboðsþinginu, áður en gengið var til uppboðs, mótmæli gegn því, að það yrði haldið, en uppboðshaldari sinnti þeim að engu. Þar sem uppboðshaldara mátti ljóst vera, að mótmæli þessi kynnu að snerta uppboðsheimildina, bar honum samkvæmt 114. og 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949, að leiðbeina áfrýjanda, sem er ólöglerður, um mótmælin og taka síðan afstöðu til þeirra í úrskurðarformi. Þeim úrskurði hefði áfrýjandi síðan getað áfrýjað til Hæstaréttar, sbr. a lið 4. tl. 1. mgr. 21. gr. uppboðslaga. Þykja

samkvæmt þessu vera slíkir annmarkar á framkvæmd hins áfrýj-
aða uppboðs, að ekki verði hjá því komist að ómerkja það.

Málskostnaður í héraði fellur niður, en rétt þykir, að stefndi
greiði áfrýjanda 2.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hið áfrýjaða uppboð á að vera ómerkt.

Stefndi, sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu, Jón Ísberg,
greiði áfrýjanda, Birni Pálssyni, 2.500.00 krónur í máls-
kostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.“

II.

Í stefnu hefur lögmaður stefnanda m. a. tekið fram:

„Mismun á uppboðsandvirði og kostnaði gkr. 47.194,00 voru
sendar stefnanda af sýslumanni með ávísun embættis hans að
loknu uppboði. Þessi ávísun var ekki innleyst, en er hluti mál-
skjala við áfrýjun. Þrautavarakrafan er byggð á neitun embættis-
mannsins um, að innleysa megi ávísunina nema gegn yfirlýs-
ingu stefnanda um, að hæstaréttarmálið hafi verið ófyrirsynju
og yfirvaldið, þrátt fyrir hæstaréttardóm, haft rétt fyrir sér.
Aðalkrafan er byggð á andvirði hinna seldu hesta, meðalandvirði
kr. 15.000,00. Varakrafan er, ef þetta þykir of hátt metið, en
afla má vottorða um þetta, auk annars kostnaðar.

Sundurliðun aðalkröfu er svo: kr. 30.000,00 með 36% árs-
vöxtum frá 12.06.1979 til 31.12.1979, kr. 5.400,00. Nýr höfuð-
stóll pr. 01.01.1980 kr. 35.400,00 ásamt sömu vöxtum 01.01.1980
til 31.12.1980 kr. 12.744,00, þannig nýr höfuðstóll pr. 01.01.81
kr. 48.144,00, sömu vextir 01.01.1981 til 31.12.1981 kr. 17.331,00
eða samtals kr. 65.475,00, að viðbætti þrautavarakröfu. Sami
vaxtareikningur gildir um varakröfu.

Um þrautavarakröfu er höfuðstóll ávísunar, útg. 19.06.1979,
gkr. 47.192,00 eða kr. 472,00 með 4,5% dráttarvöxtum á mán-
uði frá þeim degi og höfuðstólsfært um áramót, 19.06.1979 til
31.12.1979, kr. 170,00, nýr höfuðstóll kr. 742,00, sömu vextir
01.01.1980 til 31.12.1980 kr. 534,00, nýr höfuðstóll pr. 01.01.1981
kr. 1.276,00, vextir til 31.12.1981 kr. 970,00, nýr höfuðstóll pr.
01.01.1982 kr. 2.246,00.

Sýslumaður hefur ráðgert að halda uppboð að nýju á hin-
um seldu hestum og lagt fyrir stefnanda að færa hestana á upp-
boðsstað, en neitað öllum bótakröfum. Þá hefur fjármálaráðu-
neytið synjað bótakröfum, og er því nauðsyn málshöfðunar.

Stefnandi hefur að auki orðið fyrir talsverðum fjárútlátum vegna málareksturs.

Aðild málsins er byggð á almennum reglum réttarins um bóta-ábyrgð hins opinbera á saknæmum og gálausum skaðaverkum starfsmanna sinna, einkum embættismanna.

Hið ómerkta og því ólögmeða uppboð olli stefnanda tjóni. Skiptir þá ekki máli, þótt halda hefði mátt uppboðið í sjálfu sér. Sýslumaður getur ekki haldið uppboðið að nýju og ekki skilað hestunum, og verður því að bæta stefnanda með andvirði hestanna. Þá ber að bæta annað sannanlegt tjón, t. d. vegna kostnaðar við að leita réttar síns.“

III.

Lögmaður stefndu hefur í greinargerð haldið því fram, að stefnandi, sem ákvað að áfrýja uppboðsmálinu, hafi engar tilraunir gert til að draga úr tjóni sínu og kostnaði. Honum hafi verið í lófa lagið að innleysa uppboðsandlagið, þ. e. hestana, innan 10 vikna samkvæmt 39. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Austur-Húnavatnssýslu nr. 177/1971, til þess að nýtt uppboð mætti fara fram, ef Hæstiréttur féllist á kröfu hans um ómerkingu, sbr. 31. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1971. Á það verði því ekki fallist, að hið umdeilda uppboð, sem átti að fara fram, þótt framkvæmd þess hafi ekki farið fram sem skyldi, hafi valdið stefnanda tjóni, er skapi honum bótarétt á hendur ríkissjóði. Þá hafi þrautavarakrafa stefnanda, sem í stefnu sé raunar einnig hluti af aðalkröfu, ekki átt nokkurn rétt á sér. Beri því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda. Er öllum fjárhæðum og vaxtakröfum í kröfugerð stefnanda einnig mótmælt sem röngum og fjarstæðukenndum.

IV.

Af hálfu stefndu er frávísunarkrafan studd þeim rökum, að sýslumaður Húnavatnssýslu hafi komið fram sem dómari, þegar hann bauð stóðhesta stefnanda upp á nauðungaruppboðinu 14. júní 1979. Athafnir sýslumanns við framkvæmd uppboðsins hafi því verið dómsathafnir, sbr. 2. mgr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð. Úrlausn málsins varði mat á bótaskyldu stefndu vegna mistaka á dómaraverkum sýslumanns í uppboðsmálinu. Slík úrlausn fáist ekki í héraði, sbr. 34. grein laga nr. 85/1936. Beri því að vísa skaðabótakröfum stefnanda frá dómi, bæði aðalkröfu og varakröfu, og dæma stefnanda til greiðslu málskostnaðar.

aðar. Stefnandi hafi nú fallið frá þrautavarakröfu sinni, en áskilið sér rétt til málskostnaðar að því er hana varðar. Slíkri kröfu sé alfarið mótmælt, enda hafi átt að vísa þrautavarakröfu stefnanda einnig frá dómi. Því er haldið fram af hálfu stefndu, að frávísunarkrafan hafi komið nægilega fljótt fram.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndu hefðu átt að gera kröfu um frávísun strax í greinargerð. Það hafi stefndu ekki gert. Sé frávísunarkrafan því of seint fram komin. Auk þess eigi frávísunarkrafan ekki rétt á sér. Beri því að hafna hinni framkomnu frávísunarkröfu og dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað í þessum þætti málsins. Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að í dómi Hæstaréttar í uppboðsmálinu sé sýslumaður hvergi nefndur dómari. Uppboðið hafi farið fram á ábyrgð ríkisvaldsins, sem í reynd hafi verið uppboðsbeiðandi. Málið sé ekki höfðað á hendur dómara, heldur ríkisvaldinu sem uppboðsbeiðanda. Verði að skýra 34. gr. laga nr. 85/1936 þröngt. Beri því að hrinda frávísunarkröfunni.

V.

Athafnir sýslumanns Húvetninga við framkvæmd uppboðsins, sem fram fór á stóðhestum stefnanda, voru dómaraverk. Úrlausn um bótaskyldu ríkissjóðs vegna dómaraverka hlýtur að byggjast á mati á þeim verkum. Verður slík úrlausn, eins og hér stendur á, ekki fengin með málssókn gegn ríkissjóði í héraði, sbr. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Beri því að vísa kröfum stefnanda, bæði aðalkröfu og varakröfu, frá dómi, svo sem krafist er, enda er frávísunarkrafan ekki of seint fram komin, þar sem hún er byggð á atriði, sem varðar frávísun ex officio. Þá verður eigi á það fallist með stefnanda, að úrlausn Hæstaréttar 20. október 1981 í uppboðsmálinu standi í vegi fyrir þessari niðurstöðu.

Þrátt fyrir dóm Hæstaréttar 1974, bls. 1119, þykir, eins og málið er í pottinn búið og með vísan til dóms Hæstaréttar 1949, bls. 50, rétt, að málskostnaður falli niður, og á það einnig við um þrautavarakröfu stefnanda.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.